



NORTH SAILING HÚSAVÍK

tel +354 464 7272

**Nefndarsvið Alþingis
Fjárlaganefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík**

Húsavík, 26. apríl 2017

Efni: Fjármálaáætlun 2018 - 2022, mál nr. 402/146. löggjafarþing

Norðursigling hf. þakkar nefndinni fyrir tækifæri til að veita umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu.

Í fjármálaáætlun fyrir árin 2018 til 2022 eru boðaðar miklar breytingar á rekstrarumhverfi fyrirtækja í ferðaþjónustu.

Eins og fram hefur komið hjá ráðherrum og þingmönnum er megintilgangur hækkunar virðisaukaskatts settur fram til að draga úr fjölda ferðamanna sem til landsins koma.

Norðursigling hf. telur þessa ákvörðun vanhugsaða sem mun hafa víðtækar og langvarandi afleiðingar fyrir atvinnugreinina. Undirbúningur og vinna sem væntanlega hefur fengið stjórnsýslulega meðferð virðist vera illa unnin en nær engar upplýsingar eru fyrirbyggjandi um hver áhrifin verða né er að sjá skilgreind markmið. Röksemdir sem lagðar hafa verið fram með áformunum eru ótrúverðugar og bera þess merki að ákvörðun hafi átt snöggan aðdraganda eða í það minnsta verið illa ígrunduð. Ekki eru aðgengilegar neinar greiningar á heildaráhrif tillögunnar eða afleiðingar hennar. Slíkir stjórnsýsluhættir eins og viðhafðir hafa verið eru dæmdir til að hafa verulega neikvæð og ófyrirsjáanlegar afleiðingar á eina stærstu útflutningsgrein á landinu.

Landsbyggðum blæðir

Ferðaþjónustufyrirtæki á landsbyggðunum hefur fjölgað og mörg hver stækkað verulega. Þessi fyrirtæki hafa lagt í gríðarlega miklar fjárfestingar, bæði í rekstri og í innviðum. Það er fyrirséð að það högg sem virðisaukaskattshækkun mun hafa vegur þungt á þessi fyrirtæki.

Á tímum uppbyggingar og jákvæðrar þróunar eins og verið hefur fram að þessu er ótrúlegt að leggja upp með tillögu sem ein og sér hefur það markmið að fækka ferðaþjónustuaðilum og/eða gera rekstur þeirra veikari og verr í stakk búinn til að takast á við nauðsynlegar fjárfestingar.

Áhrifanna gætir þyngst á fjarlægari ferðamannastöðum þar sem uppbygging hefur verið nokkur í gegnum árin. Allur samdráttur hefur neikvæða þróun á atvinnumarkaði og þá sérstaklega ungt fólk. Atvinnuleysi mun aukast, fjárfestingar munu dragast saman og almenn uppbygging verður nær engin.

Samkeppnishalli

Samkeppnishæfni fyrirtækja mun versna verulega og hratt. Það hefur kostað ferðþjónustuaðila mikið að draga ferðamenn út á landsbyggðirnar og alveg ljóst að fyrirbyggjandi tillaga mun hafa verulega neikvæð áhrif til lengri tíma.


Norðursigling hf. getur ekki fallist á þau rök eða sjónarmið að einföldun á virðisaukaskattkerfinu og/eða sanngirnissjónarmið vegi þyngra en afkoma, samkeppnishæfni og atvinnuskapandi uppbygging atvinnugreinarinnar. Jafnframt bendir Norðursigling hf. á miklar þversagnir, óraunsæi og oft á tíðum ósamræmi í rökstuðningi með fjármálaáætlun. Ferðþjónustan er langstærsta útflutningsgrein þjóðarinnar og því mun þessi tiltekna tillaga ein og sér ganga mjög nærri greininni. Norðursigling hf. vekur athygli á því að fyrir einu ári eða svo var lagður 11% virðisaukaskattur á greinina ásamt því að launhækkningar voru umtalsverðar. Þessar hækkningar áttu ferðþjónustufyrirtæki erfitt með að mæta. Gengisþróun er ein af áhættuþáttum í rekstri ferðþjónustufyrirtækja eins og annarra útflutningsfyrirtækja og sá raunveruleiki blasir við öllum. Útflutningsfyrirtækjum er ómögulegt að mæta öllum þessum áhrifum með því að hækka verðin.

Norðursigling hf. kallar eftir raunhæfum vinnubrögðum þegar tillögur sem hafa jafn mikil áhrif á greinina og fyrirbyggjandi tillaga gerir.

Norðursigling hf. getur því ekki fallist á þær röksemdarfærslur sem nefndar hafa verið – enda ljóst og staðfest að þessi tillaga er eingöngu lögð fram til að draga úr fjölgun ferðamana. Að því leyti telur Norðursigling hf. þessa tillögu hættulega og muni hafa langvarandi afleiðingar fyrir land og þjóð.

Virðingarfyllst,

f.h. Norðursiglingar hf.



Guðbjartur Ellert Jónsson
framkvæmdastjóri